

**Nd.**

**330. Nefndarálit**

[41. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 28 1973, um dvalarheimili aldraðra.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Lögin um dvalarheimili aldraðra, sem sett voru 1973, gerðu ráð fyrir, að ríkissjóður greiddi þriðjung af kostnaði við byggingu slíkra stofnana, tækja þeirra og búnaðar.

Árið 1975 var þetta ákvæði numið úr lögum að frumkvæði núverandi stjórnvalda undir yfirsikni verkefnaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga, og með því ákveðið að sveitarfélögin ein bæru kostnað þennan að fullu.

Þessi breyting, sem er mjög svo óréttlát, hefur valdið sveitarfélögunum margvíslegum erfiðleikum og geysilegu misrétti milli sveitarfélaga.

Dvalarheimili fyrir aldraða eru stofnanir sem nauðsynlegt er að koma á fót sem víðast á landinu. Það er hins vegar ljóst, að fjöldinn allur af sveitarfélögum víðs vegar um landið hefur ekki bolmagn til að fjármagna slíkar framkvæmdir að öllu leyti, og hlýtur því að teljast eðlilegt að ríkisaðstoð komi hér til, eins og lögin frá 1973 gerðu ráð fyrir.

Það er því skoðun minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar, að allt mæli með því að breyta lögunum í hið fyrra horf, og leggur hann því til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 21. febr. 1977.

Karvel Pálmason, Sigurður Magnússon.  
frsm.